



Aðalfundur
Sorpstöðvar Suðurlands bs
haldinn í Kirkjuhvoli á
Kirkjubæjarklaustri
24. október 2025

1. Setning

Ása Valdís Árnadóttir, formaður Sorpstöðvar Suðurlands setur fundinn klukkan 10:55.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir Einar Kristján Jónsson frá Skaftárhreppi sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur sem fundarritara. Er tillaga formanns samþykkt samhljóða.

Formaður felur fundarstjóra stjórn fundarins.

3. Kosning í kjörbréfa- og kjörnefnd

Lögð er fram svohljóðandi tillaga kjörnefndar að kjörbréfanefnd:

Kjörbréfanefnd	Sveitarfélag
Aldís Hafsteinsdóttir	Hrunamannahreppur
Sveinn Ægir Birgisson	Sveitarfélagið Árborg
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir	Rangárþing ytra

Framlögð tillaga um kjörbréfanefnd er samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

4. Skýrsla stjórnar

Ása Valdís Árnadóttir formaður flytur skýrslu stjórnar og kynnir hún stjórn Sorpstöðvar Suðurlands. Haldnir voru níu stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi. Helstu verkefni stjórnar hafa verið að huga að framtíðarnýtingu jarðarinnar Kirkjuferjuháleigu. Svæðið er í lokunarferli og mælingar og eftirlit Umhverfisstofnunar hafa komið vel út. Fyrirtækið Pure North hefur sýnt áhuga á svæðinu. Gott samstarf er við Orkugerðina.

Haldinn var fundur um brennslu á úrgangi og samráð í samvinnu við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga. Sorpsstöð Suðurlands hefur verið í samtali á samráðsvettavangi með sorpsamlögum á Suðvesturhorni landsins um hátækibrennslu. Er beðið eftir erindi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga varðandi það mál.

Endurnýjaður var samstarfssamningur milli SOS og SASS. Nýr framkvæmdastjóri Ingunn Jónsdóttir var ráðinn til SASS og um leið og Ása Valdís býður hana velkomna vill hún þakka Bjarna Guðmundssyni fyrir sín störf fyrir SOS. Fyrirhugað er að fara í gerð nýrrar heimasíðu í samstarfi við SASS.

Unnið hefur verið að framtíðarsviðmyndum fyrir byggðasamlagið og voru skoðaðar fjórar sviðsmyndir og mun sviðsmynd fjögur verða kynnt og lögð fyrir fundinn til afgreiðslu hér síðar á fundinum.

Næstu skref hjá SOS er að tryggja skilvirka stjórnsýslu og samvinnu við SASS, meta framtíðarnýtingu Kirkjuferjuhjáleigu og halda áfram samstarfi við Orkugerðina. Mikilvægt er að leggja áherslu á sjálfbærni og hringrásarkerfi.

Lögmæti fundarins samkvæmt niðurstöðu kjörnefndar

Margrét Harpa Guðsteinsdóttir fulltrúi kjörbréfanefndar kveður sér hljóðs og gerir grein fyrir kjörbréfum. Alls eru 9 kjörnir fulltrúar mættir til fundar. Gild kjörbréf eru fyrir 9 aðalfulltrúa.

Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

6. Mál til afgreiðslu

a) Ársskýrsla SOS 2024 - 2025

Er Ársskýrslu gerð skil í skýrslu stjórnar fyrr á fundinum.

Bragi Bjarnason varaformaður stjórnar fer yfir b, c, d, og e lið.

b) Endurskoðaður ársreikningur 2024

Bragi kynnir ársreikning fyrir árið 2024 þar kemur fram að rekstrarhagnaður nam rúmlega 3 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi er bókfært eigið fé tæplega 131,4 m.kr.

c) Tillaga að fjárhagsáætlun 2026

Bragi kynnir fjárhagsáætlun fyrir árið 2026.

Helstu tölur eru þær að rekstrartekjur verði 0 og rekstrargjöld tæplega 16,7 m.kr. Áætlað er að tap ársins verði tæplega 12,6 m.kr.

d) Tillaga að gjaldskrá

Bragi fer yfir tillögu að gjaldskrá.

Tillaga til aðalfundar SOS 24. október um tekjustofn (gjaldskrá).

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands leggur til við aðalfund að ekki verði innheimt umsýslugjöld vegna ársins 2026 og rekstur fjármagnaður alfarið af eigin fé.

e) Tillaga um þóknun stjórnar

Bragi fer yfir tillögu að þóknun stjórnar.

Tillaga til aðalfundar SOS 24. október 2025 um þóknun stjórnar.

Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands leggur til við aðalfund að þóknun stjórnar verði óbreytt.

1. Laun stjórnar skulu nema 3,0% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Laun formanns skulu nema 4,5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund. Fyrir aðra fundi skulu þau nema 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.
2. Fulltrúar í stjórn skulu fá greitt fyrir akstur til og frá fundarstað skv. akstursdagbók í samræmi við reglur RSK um aksturskostnað.

Fundarstjóri þakkar Braga fyrir yfirferðina og býður Dagnýju Sif Sigurbjörnsdóttur ritara stjórnar að fara yfir tillögur f og g.

f) Tillögur að breytingum á samþykktum

Dagný Sif greinir frá því að engar tillögur að breytingum á samþykktum liggi fyrir fundinum en að fara verði í breytingar á samþykktum ef tillaga stjórnar um breytingar á rekstri SOS verði samþykktar.

g) Tillögur frá stjórn og aðildarsveitarfélögum

Dagný Sif kynnir tillögu stjórnar um breytingu á rekstri SOS og leggur fram eftirfarandi tillögu:

Liður 1.

Aðalfundur samþykkir tillögu stjórnar þess efnis að hafin verði vinna við undirbúning breytinga á rekstri og starfsemi SOS þar sem daglegur rekstur og faglegt starf SOS verði falið SASS á grundvelli samnings þess efnis.

Aðalfundur samþykkir jafnframt að veita heimild til þess að vinna samning um nánari útfærslu verkefna auk þess að kveðið verði með skýrum hætti á um hlutverk og skyldur hvors samningsaðila fyrir sig.

Aðalfundur samþykkir að farið verði yfir fjármögnun verkefna SOS þannig að unnt verði að útfæra fjármögnun verkefnanna í samningi SOS og SASS. Aðalfundur samþykkir undirbúnar verði breytingar á samþykktum SOS eftir því sem þörf verður á, vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á rekstri og starfsemi SOS skv. framangreindu og að stjórnarmönnum verði fækkað úr 5 í 3.

Liður 2.

Aðalfundur samþykkir að samhliða framangreindu verði undirbúin tímabundin ráðning starfsmanns til 1 árs hjá SASS á kostnað SOS sem fari með daglegan rekstur verkefna SOS en einnig:

- Að taka saman og greina nánar þau tækifæri til samstarfs og samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SASS í úrgangsmálum og hvað nánara samstarf á þessum vettvangi geti haft í för með sér til hagsbóta fyrir sveitarfélög á svæðinu.

Aðalfundur samþykkir að samhliða vinnu skv. lið 1 verði unnið að nánari útfærslu á starfslýsingu starfsmanns hjá SASS, ásamt nánari kostnaðargreiningu.

Liður 3.

Aðalfundur samþykkir að samhliða framangreindu verði unnið að breytingum á samþykktum sem heimili SOS að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að leggja ákvarðanir um endurgreiðslu fjárframlaga til aðildarsveitarfélaga fyrir aðalfund til samþykktar.

Liður 4.

Aðalfundur samþykkir að unnin verði nánari kostnaðargreining í samvinnu við stjórn SASS vegna allra breytinganna, skv. framangreindum liðum. Kostnaðargreiningin skal vera sundurliðuð eins og kostur er og greina skal á milli kostnaðar vegna liða nr. 1 og 3 og svo vegna liðar nr. 2 vegna ráðningar starfsmanns til SASS á kostnað SOS. Aðalfundur samþykkir að á grundvelli framangreindrar kostnaðargreiningar verði unnin tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun SOS fyrir árið 2026.

7. Erindi: Elísabet Björney Lárusdóttir umhverfissérfræðingur hjá SASS fer yfir magn og kostnað úrgangs á starfssvæði SOS

Elísabet Björney hefur greint innviði úrgangs á Suðurlandi og skoðað hvaða innviðir eru til, til að taka á móti úrgangi. Ræðir hún um starfsleyfi á móttöku úrgangs á Suðurlandi. Í dag er tekið á móti óvirkum, lífrænum- og sláturúrgangi langt umfram heimildir. En móttaka á endurvinnsluúrgangi er vel innan heimildar.

Fer Elísabet yfir kostnað við úrgang í sveitarfélögum á Suðurlandi, hæsti kostnaðurinn er í Sveitarfélaginu Árborg enda er það stærst. Heildarkostnaður úrgangs á Suðurlandi er um 2 milljarðar á ári en uppsafnaður rekstrarkostnaður við úrgangsmál 2012-2024 eru tæplega 15

milljarðar. Það þarf að skoða vel hvað verið er að rukka sveitarfélög fyrir og það er gríðarlega mikilvægt að hvert sveitarfélag skoði vel og fari yfir reikninga sína. Í kjölfar fréttu um samráð Kubbs og Terra verður áhugavert að fylgjast með hvort einhverjar breytingar verði á kostnaði í móttöku á úrgagni.

8. Hugvekja: Anton Kári Halldórsson sveitarstjóri hjá Rangárþingi Eystra fer yfir tækifæri í samstarfi sveitarfélaga í úrgangsmálum á Suðurlandi

Anton Kári flytur hugleiðingu um sorpmálin. Hann fagnar stöðu SOS í dag og vonast hann eftir að tillögur sem liggja fyrir fundinum verði samþykktar, það væri mikið framfaraskref. Hann lýsir þeirri skoðun sinni að samstarf sveitarfélaga skipti máli í þessum málaflokki.

9. Almennar umræður - Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

10. Afgreiðsla

á b. lið og tillögum c., d., e., f. og g. í 6. dagskrárlið

Fundarstjóri gefur orðið laust um tillögur, Haraldur Þór Jónsson, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Fjóla St. Kristinsdóttir og Árni Eiríksson taka til máls.

Fundarstjóri ber upp hvern lið fyrir sig.

b) Lagt er til að endurskoðaður ársreikningur 2024 verði samþykktur.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

d) Lagt er til að gjaldskrá verði samþykkt.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

e) Lagt er til að tillaga um þóknun stjórnar verði samþykkt.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

f) Lagt er til að tillögur að breytingum á samþykktum verði samþykktar.

Engar tillögur að breytingum á samþykktum bárust sem þarf að afgreiða sérstaklega.

g) Lagt er til að tillögur frá stjórn um breytingar á rekstri SOS verði samþykktar.

Liður 1

Aðalfundur samþykkir tillögu stjórnar þess efnis að hafin verði vinna við undirbúning breytinga á rekstri og starfsemi SOS þar sem daglegur rekstur og faglegt starf SOS verði falið SASS á grundvelli samnings þess efnis.

Aðalfundur samþykkir jafnframt að veita heimild til þess að vinna samning um nánari útfærslu verkefna auk þess að kveðið verði með skýrum hætti á um hlutverk og skyldur hvors samningsaðila fyrir sig.

Aðalfundur samþykkir að farið verði yfir fjármögnun verkefna SOS þannig að unnt verði að útfæra fjármögnun verkefnanna í samningi SOS og SASS.

Aðalfundur samþykkir að undirbúnar verði breytingar á samþykktum SOS eftir því sem þörf verður á, vegna þeirra breytinga sem fyrirhugaðar eru á rekstri og starfsemi SOS skv. framangreindu og að stjórnarmönnum verði fækkað úr 5 í 3.

Liður 2

Aðalfundur samþykkir að samhliða framangreindu verði undirbúin tímabundin ráðning starfsmanns til 1 árs hjá SASS á kostnað SOS sem fari með daglegan rekstur verkefna SOS en einnig:

- Að taka saman og greina nánar þau tækifæri til samstarfs og samvinnu sveitarfélaga á starfssvæði SASS í úrgangsmálum og hvað nánara samstarf á þessum vettvangi geti haft í för með sér til hagsbóta fyrir sveitarfélög á svæðinu.

Aðalfundur samþykkir að samhliða vinnu skv. lið 1 verði unnið að nánari útfærslu á starfslýsingu starfsmanns hjá SASS, ásamt nánari kostnaðargreiningu.

Liður 3

Aðalfundur samþykkir að samhliða framangreindu verði unnið að breytingum á samþykktum sem heimili SOS að ákveðnum skilyrðum uppfylltum að leggja ákvarðanir um endurgreiðslu fjárframlaga til aðildarsveitarfélaga fyrir aðalfund til samþykktar.

Liður 4

Aðalfundur samþykkir að unnin verði nánari kostnaðargreining í samvinnu við stjórn SASS vegna allra breytinganna, skv. framangreindum liðum. Kostnaðargreiningin skal vera sundurliðuð eins og kostur er og greina skal á milli kostnaðar vegna liða nr. 1 og 3 og svo vegna liðar nr. 2 vegna ráðningar starfsmanns til SASS á kostnað SOS.

Aðalfundur samþykkir að á grundvelli framangreindrar kostnaðargreiningar verði unnin tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun SOS fyrir árið 2026.

Tillögur um breytingu á rekstri SOS er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

c) Lagt er til að fjárhagsáætlun 2026 verði samþykkt.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

11. Kosningar í stjórn Sorpstöðvar Suðurlands, 5 aðalmenn og 5 til vara

Ekki þarf að kjósa í stjórn Sorpstöðvarinnar þar sem stjórn byggðasamlagsins starfar frá því að hún er kjörin og fram að kosningadegi næstu sveitarstjórnarkosninga.

Fundarstjóri þakkar fundarmönnum fyrir góðan fund.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:55

Rósa Sif Jónsdóttir, fundarritari.